**REGLUGERÐ FRAMKVÆMDASTJÓRNARINNAR (ESB) 2023/466** **2023/EES/79/61**

**frá 3. mars 2023**

**um breytingu á II., III. og V. viðauka við reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 396/2005 að því er varðar hámarksgildi leifa fyrir ísoxaben, nóvalúrón og tetrakónasól í eða á tilteknum afurðum** (*)

FRAMKVÆMDASTJÓRN EVRÓPUSAMBANDSINS HEFUR,

með hliðsjón af sáttmálanum um starfshætti Evrópusambandsins,

með hliðsjón af reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 396/2005 frá 23. febrúar 2005 um hámarksgildi fyrir varnarefnaleifar í eða á matvælum og fóðri úr plöntu- og dýraríkinu og um breytingu á tilskipun ráðsins 91/414/EBE ([1]), einkum 14. gr. (a-liður 1. mgr.), 18. gr. (b-liður 1. mgr.) og 49. gr. (2. mgr.),

*og að teknu tilliti til eftirfarandi:*

1) Í A-hluta III. viðauka við reglugerð (EB) nr. 396/2005 voru fastsett hámarksgildi leifa fyrir ísoxaben, nóvalúrón og tetrakónasól.

2) Að því er varðar ísoxaben lagði Matvælaöryggisstofnun Evrópu (hér á eftir nefnd Matvælaöryggisstofnunin) fram rökstutt álit um endurskoðun á gildandi hámarksgildum leifa í samræmi við 1. mgr. 12. gr. reglugerðar (EB) nr. 396/2005 ([2]). Matvælaöryggisstofnunin mælti með því að lækka gildandi hámarksgildi leifa fyrir aldin og trjáhnetur, rótar- og hnýðisgrænmeti, lauka, melónur, risagrasker, jólasalat, graslauk, blöð af sellerí, stöngulgrænmeti, salvíu, rósmarín, garðablóðberg, basilíku, olíufræ og olíurík aldin, kornvörur og kaffifífilsrætur í samræmi við meginregluna um að hámarksgildi leifa séu fastsett við gildi sem raunhæft er að ætlast til að megi ná og á grundvelli fullnægjandi gagna til stuðnings varðandi núverandi góðar starfsvenjur í landbúnaði. Hún mælti með því að viðhalda gildandi hámarksgildum leifa fyrir dvergbíta og baunir (ferskar, án fræbelgs) á grundvelli fullnægjandi gagna til stuðnings varðandi núverandi góðar starfsvenjur í landbúnaði. Þar eð engin þessara hámarksgilda leifa skapa áhættu fyrir neytendur þykir rétt að fastsetja hámarksgildi leifa fyrir þessar afurðir í II. viðauka við reglugerð (EB) nr. 396/2005 við gildið sem Matvælaöryggisstofnunin hefur tilgreint.

3) Að því er varðar ísoxaben komst Matvælaöryggisstofnunin enn fremur að þeirri niðurstöðu að fastsetja ætti hámarksgildin fyrir baðmullarfræ, jurtate (þurrkað, blóm), jurtate (þurrkað, rætur) og humla við gildandi magngreiningarmörk, sem eru sértæk fyrir hverja afurð, í samræmi við meginregluna um að hámarksgildi leifa séu fastsett við gildi sem raunhæft er að ætlast til að megi ná og á grundvelli fullnægjandi gagna til stuðnings varðandi núverandi góðar starfsvenjur í landbúnaði. Þar eð tilteknar upplýsingar vantaði var þörf á frekari athugun áhættustjórnenda. Þess vegna verða þessi hámarksgildi endurskoðuð þó svo að þau séu talin örugg. Í endurskoðuninni verður tekið tillit til upplýsinga sem verða tiltækar innan tveggja ára frá birtingu þessarar reglugerðar. Þar eð engin áhætta er fyrir hendi fyrir neytendur þykir rétt að fastsetja hámarksgildi leifa fyrir þessar afurðir við magngreiningarmörk, sem eru sértæk fyrir hverja afurð, í II. viðauka við reglugerð (EB) nr. 396/2005.

4) Að því er varðar ísoxaben var lögð fram umsókn skv. 1. mgr. 6. gr. reglugerðar (EB) nr. 396/2005 um að fá að breyta gildandi hámarksgildi leifa fyrir ertur (ferskar, án fræbelgs). Að því er varðar þessa umsókn óskaði aðildarríki eftir því að nota flýtimeðferðina, sem gert er ráð fyrir í tæknilegum viðmiðunarreglum um málsmeðferð við setningu hámarksgilda leifa ([3]), til að fastsetja hámarksgildi leifa á grundvelli prófana á leifum á baunum (ferskar, án fræbelgs). Matvælaöryggisstofnunin lagði nýlega mat á prófanir á leifum á baunum (ferskar, án fræbelgs), innan ramma endurskoðunar á gildandi hámarksgildum leifa fyrir ísoxaben, og skilaði rökstuddu áliti um tillagt hámarksgildi leifa ([4]). Þetta álit frá Matvælaöryggisstofnuninni byggist á núverandi vísindalegri og tæknilegri þekkingu á viðfangsefninu. Þar

(*) Þessi ESB-gerð birtist í Stjtíð. ESB L 68, 6.3.2023, bls. 55. Hennar var getið í ákvörðun sameiginlegu EES-nefndarinnar nr. 227/2023 frá 22. September 2023 um breytingu á II. viðauka (Tæknilegar reglugerðir, staðlar, prófanir og vottun) við EES-samninginn (bíður birtingar).

([1]) Stjtíð. ESB L 70, 16.3.2005, bls. 1.

([2]) Matvælaöryggisstofnun Evrópu, „Reasoned opinion on the review of the existing maximum residue levels for isoxaben according to Article 12 of Regulation (EC) No 396/2005“. *Tíðindi Matvælaöryggisstofnunar Evrópu* 2022 20(1), 7062.

([3]) „Technical guidelines MRL setting procedure in accordance with Articles 6 to 11 of Regulation (EC) No 396/2005 and Article 8 of Regulation (EC) No 1107/2009“ (SANTE/2015/10595 Endursk. 6.1).

([4]) Matvælaöryggisstofnun Evrópu, „Reasoned opinion on the review of the existing maximum residue levels for isoxaben according to Article 12 of Regulation (EC) No 396/2005“. *Tíðindi Matvælaöryggisstofnunar Evrópu* 2022 20(1), 7062.

eð rétt þykir að framreikna út frá prófunum á leifum á baunum (ferskar, án fræbelgs) yfir á ertur (ferskar, án fræbelgs), eins og staðfest er með gildandi viðmiðunarreglum Sambandsins um framreikning hámarksgilda leifa ([5]), er ekki nauðsynlegt að óska eftir því að Matvælaöryggisstofnunin leggi fram rökstutt álit um ertur (ferskar, án fræbelgs). Því er rétt að fastsetja hámarksgildi leifa fyrir ertur (ferskar, án fræbelgs) við sama gildi og hámarksgildi leifa fyrir baunir (ferskar, án fræbelgs), á grundvelli prófana á leifum sem gerðar voru á baunum (ferskar, án fræbelgs), í II. viðauka við reglugerð (EB) nr. 396/2005.

5) Að því er varðar nóvalúrón lagði Matvælaöryggisstofnunin fram rökstutt álit um endurskoðun á gildandi hámarksgildum leifa í samræmi við 1. mgr. 12. gr. reglugerðar (EB) nr. 396/2005 ([6]). Í ljósi ýmissa eyða í gögnum varðandi eiturefnafræðileg mikilvæg mál, þ.m.t. óvissuatriði varðandi hugsanlega innkirtlatruflandi eiginleika virka efnisins, gat Matvælaöryggisstofnunin ekki útilokað að hámarksgildi leifa fyrir nóvalúrón í öllum afurðum hefðu skaðleg áhrif á heilbrigði manna. Því er rétt að fastsetja hámarksgildi leifa fyrir allar afurðir við magngreiningarmörk, sem eru sértæk fyrir hverja afurð, í V. viðauka við reglugerð (EB) nr. 396/2005.

6) Að því er varðar nóvalúrón lagði tilvísunarrannsóknarstofa Evrópusambandsins fyrir varnarefnaleifar til að skilgreiningu á leifum yrði breytt í „nóvalúrón (summa skyldra hverfna)“ til að skýra nánar að efnaleifar geta komið fyrir við hvaða hlutfall hverfna sem er þar eð nóvalúrón er handhverft efnasamband (e. *chiral compound*). Framkvæmdastjórnin telur að þessi nýja skilgreining á leifum sé viðeigandi þar eð hún muni tryggja öfluga neytendavernd og auðvelda eftirlit af hálfu eftirlitsyfirvalda og hún hefur ekki áhrif á rökstutt álit Matvælaöryggisstofnunarinnar. Í samræmi við f-lið 2. mgr. 14. gr. reglugerðar (EBI nr. 396/2005 ætti því skilgreiningin á leifum fyrir nóvalúrón að vera „nóvalúrón (summa skyldra hverfna)“.

7) Að því er varðar tetrakónasól lagði Matvælaöryggisstofnunin fram rökstutt álit um gildandi hámarksgildi leifa í samræmi við 1. mgr. 12. gr. reglugerðar (EB) nr. 396/2005 ([7]). Hún mælti með því að viðhalda gildandi hámarksgildum leifa fyrir gallaldin á grundvelli fullnægjandi gagna til stuðnings varðandi núverandi góðar starfsvenjur í landbúnaði. Þar eð engin áhætta er fyrir hendi fyrir neytendur þykir rétt að fastsetja hámarksgildi leifa fyrir gallaldin í II. viðauka við reglugerð (EB) nr. 396/2005 við gildið sem Matvælaöryggisstofnunin hefur tilgreint.

8) Að því er varðar tetrakónasól komst Matvælaöryggisstofnunin enn fremur að þeirri niðurstöðu að lækka ætti hámarksgildi leifa fyrir dúnepli, apríkósur, ferskjur, vínber til neyslu, vínþrúgur, jarðarber, gúrkur, smágúrkur, dvergbíta, rúg, hveiti, sykurrófurætur, afurðir úr dýraríkinu, að undanskilinni lifur úr nautgripum og hestum, og mjólk í samræmi við meginregluna um að hámarksgildi leifa séu fastsett við gildi sem raunhæft er að ætlast til að megi ná og á grundvelli fullnægjandi gagna til stuðnings varðandi núverandi góðar starfsvenjur í landbúnaði. Hún komst að þeirri niðurstöðu að viðhalda ætti hámarksgildum leifa fyrir epli, perur, kveði, trjámispilsaldin, jólasalat, ætiþistla, hörfræ, repjufræ og fuglsegg á grundvelli núverandi góðra starfsvenja í landbúnaði. Hún komst enn fremur að þeirri niðurstöðu að hækka ætti hámarksgildi leifa fyrir tómata, eggaldin, melónur, risagrasker, vatnsmelónur, kaffifífilsrætur, lifur úr nautgripum og lifur úr hestum á grundvelli núverandi góðra starfsvenja í landbúnaði. Þar eð tilteknar upplýsingar vantaði var þörf á frekari athugun áhættustjórnenda. Þess vegna verða þessi hámarksgildi endurskoðuð þó svo að þau séu talin örugg. Í endurskoðuninni verður tekið tillit til upplýsinga sem verða tiltækar innan tveggja ára frá birtingu þessarar reglugerðar. Þar eð engin áhætta er fyrir hendi fyrir neytendur þykir rétt að fastsetja hámarksgildi leifa fyrir þessar afurðir í II. viðauka við reglugerð (EB) nr. 396/2005 við gildin sem Matvælaöryggisstofnunin hefur tilgreint.

9) Að því er varðar tetrakónasól tilgreindi Matvælaöryggisstofnunin að engar prófanir á leifum hafi legið fyrir til að leiða út hámarksgildi leifa fyrir paprikur, bygg, bókhveiti, maís, hirsi, hafra, hrísgrjón og dúrru og að því væri þörf á frekari athugun áhættustjórnenda. Þar eð slíkar prófanir liggja ekki fyrir telur framkvæmdastjórnin rétt að fastsetja hámarksgildi leifa fyrir þessar afurðir við magngreiningarmörk, sem eru sértæk fyrir hverja afurð, í II. viðauka við reglugerð (EB) nr. 396/2005.

10) Að því er varðar tetrakónasól lagði tilvísunarrannsóknarstofa Evrópusambandsins fyrir varnarefnaleifar til að skilgreiningu á leifum yrði breytt í „tetrakónasól (summa skyldra hverfna)“ til að skýra nánar að efnaleifar geta komið fyrir við hvaða hlutfall hverfna sem er þar eð tetrakónasól er handhverft efnasamband. Framkvæmdastjórnin telur að þessi nýja skilgreining á leifum sé viðeigandi þar eð hún muni tryggja öfluga neytendavernd og auðvelda eftirlit af hálfu eftirlitsyfirvalda og hún hefur ekki áhrif á rökstutt álit Matvælaöryggisstofnunarinnar. Í samræmi við f-lið 2. mgr. 14. gr. reglugerðar (EBI nr. 396/2005 ætti því skilgreiningin á leifum fyrir tetrakónasól að vera „tetrakónasól (summa skyldra hverfna)“.

---

(5) „Technical guidelines on data requirements for setting maximum residue levels, comparability of residue trials and extrapolation of residue data on products from plant and animal origin“ (SANTE/2019/12752 – 23. nóvember 2020).

(6) Matvælaöryggisstofnun Evrópu, „Reasoned opinion on the review of the existing maximum residue levels for novaluron according to Article 12 of Regulation (EC) No 396/2005“. *Tíðindi Matvælaöryggisstofnunar Evrópu* 2022 20(1), 7041.

(7) Matvælaöryggisstofnun Evrópu, „Reasoned opinion on the review of the existing maximum residue levels for tetraconazole according to Article 12 of Regulation (EC) No 396/2005“. *Tíðindi Matvælaöryggisstofnunar Evrópu* 2022 20(1), 7111.

11) Matvælaöryggisstofnunin lagði mat á gildandi CXL-hámarksgildi í rökstuddum álitum sínum. Við fastsetningu á hámarksgildum leifa tók framkvæmdastjórnin tillit til þeirra CXL-hámarksgilda sem teljast örugg fyrir neytendur í Sambandinu.

12) Að því er varðar afurðir þar sem notkun plöntuverndarvara sem innihalda virku efnin ísoxaben, nóvalúrón eða tetrakónasól er ekki heimiluð og þar sem ekki liggja fyrir innflutningsvikmörk eða CXL-hámarksgildi þykir rétt að fastsetja hámarksgildi leifa við sérstök magngreiningarmörk eða þá að staðlað hámarksgildi leifa ætti að gilda eins og kveðið er á um í b-lið 1. mgr. 18. gr. reglugerðar (EB) nr. 396/2005.

13) Framkvæmdastjórnin hafði samráð við tilvísunarrannsóknarstofur Evrópusambandsins fyrir varnarefnaleifar um nauðsyn þess að aðlaga tiltekin magngreiningarmörk. Þessar rannsóknarstofur lögðu til vörusértæk magngreiningarmörk fyrir öll virku efnin sem falla undir þessa reglugerð.

14) Samráð hefur verið haft við viðskiptaaðila Sambandsins, fyrir milligöngu Alþjóðaviðskiptastofnunarinnar, um ný hámarksgildi leifa og tillit hefur verið tekið til athugasemda þeirra.

15) Því ætti að breyta reglugerð (EB) nr. 396/2005 til samræmis við það.

16) Að því er varðar ísoxaben og tetrakónasól, til að koma megi við eðlilegri markaðssetningu, vinnslu og neyslu afurða, ætti þessi reglugerð ekki að gilda um afurðir sem hafa verið framleiddar í Sambandinu eða fluttar inn til Sambandsins áður en ný hámarksgildi leifa koma til framkvæmda og þar sem öflugri neytendavernd er viðhaldið.

17) Áður en ný hámarksgildi leifa taka gildi ætti að veita aðildarríkjum, þriðju löndum og stjórnendum matvælafyrirtækja hæfilegan frest til að aðlaga sig að kröfunum sem leiða af breytingunni á hámarksgildum leifa.

18) Ráðstafanirnar, sem kveðið er á um í þessari reglugerð, eru í samræmi við álit fastanefndarinnar um plöntur, dýr, matvæli og fóður.

SAMÞYKKT REGLUGERÐ ÞESSA:

*1. gr.*

Ákvæðum II., III. og V. viðauka við reglugerð (EB) nr. 396/2005 er breytt í samræmi við viðaukann við þessa reglugerð.

*2. gr.*

Að því er varðar virku efnin ísoxaben og tetrakónasól í og á öllum afurðum gildir reglugerð (EB) nr. 396/2005, eins og sú reglugerð var áður en henni var breytt með þessari reglugerð, áfram um afurðir sem voru framleiddar í Sambandinu eða fluttar inn til Sambandsins fyrir 26. september 2023.

*3. gr.*

Reglugerð þessi öðlast gildi á tuttugasta degi eftir að hún birtist í *Stjórnartíðindum Evrópusambandsins.*

Hún kemur til framkvæmda frá og með 26. september 2023.

Reglugerð þessi er bindandi í heild sinni og gildir í öllum aðildarríkjunum án frekari lögfestingar.

Gjört í Brussel 3. mars 2023.

*Fyrir hönd framkvæmdastjórnarinnar,*

Ursula VON DER LEYEN

*forseti.*

---

*VIÐAUKI*

Ákvæðum II., III. og V. viðauka við reglugerð (EB) nr. 396/2005 er breytt sem hér segir:

1) Eftirfarandi dálkum fyrir ísoxaben og tetrakónasól er bætt við í II. viðauka:

„*Varnarefnaleifar og hámarksgildi leifa (mg/kg)*

| Kenninúmer | Flokkar og dæmi um einstakar afurðir sem hámarksgildi leifa eiga við um ([a]) | Ísoxaben | Tetrakónasól (summa skyldra hverfna) (F) |
|---|---|---|---|
| 1) | 2) | 3) | 4) |
| 0100000 | **NÝ eða FRYST ALDIN, TRJÁHNETUR** | | |
| 0110000 | **Sítrusávextir** | **0,01** (*) | **0,01** (*) |
| 0110010 | Greipaldin | | |
| 0110020 | Appelsínur | | |
| 0110030 | Sítrónur | | |
| 0110040 | Súraldin | | |
| 0110050 | Mandarínur | | |
| 0110990 | Annað (2) | | |
| 0120000 | **Trjáhnetur** | **0,01** (*) | **0,01** (*) |
| 0120010 | Möndlur | | |
| 0120020 | Parahnetur | | |
| 0120030 | Kasúhnetur | | |
| 0120040 | Kastaníuhnetur | | |
| 0120050 | Kókoshnetur | | |
| 0120060 | Heslihnetur | | |
| 0120070 | Goðahnetur | | |
| 0120080 | Pekanhnetur | | |
| 0120090 | Furuhnetukjarnar | | |
| 0120100 | Pistasíuhnetur | | |

| 1) | 2) | 3) | 4) |
|---|---|---|---|
| 0120110 | Valhnetur | | |
| 0120990 | Annað (2) | | |
| 0130000 | **Kjarnaávextir** | **0,01** (*) | |
| 0130010 | Epli | | **0,3(+)** |
| 0130020 | Perur | | **0,3(+)** |
| 0130030 | Kveði | | **0,3(+)** |
| 0130040 | Trjámispilsaldin | | **0,3(+)** |
| 0130050 | Dúnepli/japansplómur | | **0,2(+)** |
| 0130990 | Annað (2) | | **0,01** (*) |
| 0140000 | **Steinaldin** | **0,01** (*) | |
| 0140010 | Apríkósur | | **0,03(+)** |
| 0140020 | Kirsuber (sæt) | | **0,01** (*) |
| 0140030 | Ferskjur | | **0,03(+)** |
| 0140040 | Plómur | | **0,01** (*) |
| 0140990 | Annað (2) | | **0,01** (*) |
| 0150000 | **Ber og smá aldin** | | |
| 0151000 | a) **Þrúgur** | **0,01** (*) | **0,07** |
| 0151010 | Vínber til neyslu | | (+) |
| 0151020 | Vínþrúgur | | (+) |
| 0152000 | b) **Jarðarber** | **0,01** | **0,15(+)** |
| 0153000 | c) **Klungurber** | **0,01** (*) | **0,01** (*) |
| 0153010 | Brómber | | |
| 0153020 | Daggarber | | |
| 0153030 | Hindber (rauð og gul) | | |
| 0153990 | Annað (2) | | |

| 1) | 2) | 3) | 4) |
|---|---|---|---|
| 0154000 | d) **Önnur smá aldin og ber** | **0,01** (*) | **0,01** (*) |
| 0154010 | Aðalbláber | | |
| 0154020 | Trönuber | | |
| 0154030 | Rifsber (rauð og hvít) og sólber | | |
| 0154040 | Stikilsber (græn, rauð og gul) | | |
| 0154050 | Rósaldin | | |
| 0154060 | Mórber (svört og hvít) | | |
| 0154070 | Eplaþyrniber/Miðjarðarhafstrjámispilsaldin | | |
| 0154080 | Ylliber | | |
| 0154990 | Annað (2) | | |
| 0160000 | **Ýmis aldin með** | **0,01** (*) | |
| 0161000 | a) **Ætu hýði** | | |
| 0161010 | Döðlur | | **0,01** (*) |
| 0161020 | Fíkjur | | **0,01** (*) |
| 0161030 | Ólífur til átu | | **0,01** (*) |
| 0161040 | Gullappelsínur | | **0,01** (*) |
| 0161050 | Stjörnualdin | | **0,01** (*) |
| 0161060 | Gallaldin | | **0,09** |
| 0161070 | Jövuplómur | | **0,01** (*) |
| 0161990 | Annað (2) | | **0,01** (*) |
| 0162000 | b) **Óætu hýði, lítil** | | **0,01** (*) |
| 0162010 | Kíví (græn, rauð, gul) | | |
| 0162020 | Litkaber | | |
| 0162030 | Píslaraldin | | |
| 0162040 | Kaktusfíkjur | | |
| 0162050 | Stjörnuepli | | |
| 0162060 | Persimónur/Virginíu-kakí | | |
| 0162990 | Annað (2) | | |

| 1) | 2) | 3) | 4) |
|---|---|---|---|
| 0163000 | c) **Óætu hýði, stór** | | **0,01** (*) |
| 0163010 | Lárperur | | |
| 0163020 | Bananar | | |
| 0163030 | Mangó | | |
| 0163040 | Papæjualdin | | |
| 0163050 | Granatepli | | |
| 0163060 | Morgunberkjur | | |
| 0163070 | Gvövur | | |
| 0163080 | Ananas | | |
| 0163090 | Brauðaldin | | |
| 0163100 | Dáraaldin | | |
| 0163110 | Nónberkjur | | |
| 0163990 | Annað (2) | | |
| 0200000 | **NÝTT eða FRYST GRÆNMETI** | | |
| 0210000 | **Rótar- og hnýðisgrænmeti** | **0,01** (*) | **0,01** (*) |
| 0211000 | a) **Kartöflur** | | |
| 0212000 | b) **Hitabeltisrótar- og hnýðisgrænmeti** | | |
| 0212010 | Kassavarætur | | |
| 0212020 | Sætar kartöflur | | |
| 0212030 | Mjölrótarhnýði | | |
| 0212040 | Örvarrætur | | |
| 0212990 | Annað (2) | | |
| 0213000 | c) **Annað rótar- og hnýðisgrænmeti, að sykurrófum undanskildum** | | |
| 0213010 | Rauðrófur | | |
| 0213020 | Gulrætur | | |
| 0213030 | Hnúðsillur/hnúðsellerí | | |
| 0213040 | Piparrót | | |
| 0213050 | Ætihnúðar | | |

| 1) | 2) | 3) | 4) |
|---|---|---|---|
| 0213060 | Nípur | | |
| 0213070 | Steinseljurætur | | |
| 0213080 | Hreðkur | | |
| 0213090 | Hafursrætur | | |
| 0213100 | Gulrófur | | |
| 0213110 | Næpur | | |
| 0213990 | Annað (2) | | |
| 0220000 | **Laukar** | **0,01** (*) | **0,01** (*) |
| 0220010 | Hvítlaukur | | |
| 0220020 | Laukar | | |
| 0220030 | Skalottlaukar | | |
| 0220040 | Vorlaukar og pípulaukar | | |
| 0220990 | Annað (2) | | |
| 0230000 | **Aldingrænmeti** | | |
| 0231000 | a) **Náttskuggaætt og stokkrósaætt** | **0,01** (*) | |
| 0231010 | Tómatar | | **0,15(+)** |
| 0231020 | Paprikur | | **0,01** (*) |
| 0231030 | Eggaldin | | **0,15(+)** |
| 0231040 | Okrur | | **0,01** (*) |
| 0231990 | Annað (2) | | **0,01** (*) |
| 0232000 | b) **Aldin plantna af graskersætt með ætu hýði** | | **0,15** |
| 0232010 | Gúrkur | **0,01** (*) | (+) |
| 0232020 | Smágúrkur | **0,01** (*) | (+) |
| 0232030 | Dvergbítar | 0,05 | (+) |
| 0232990 | Annað (2) | **0,01** (*) | |

| 1) | 2) | 3) | 4) |
|---|---|---|---|
| 0233000 | c) **Aldin plantna af graskersætt með óætu hýði** | **0,01** (*) | **0,08** |
| 0233010 | Melónur | | (+) |
| 0233020 | Risagrasker | | (+) |
| 0233030 | Vatnsmelónur | | (+) |
| 0233990 | Annað (2) | | |
| 0234000 | d) **Sykurmaís** | **0,01** (*) | **0,01** (*) |
| 0239000 | e) **Annað aldingrænmeti** | **0,01** (*) | **0,01** (*) |
| 0240000 | **Kál (að undanskildum rótum og nýblöðum af plöntum af ættkvíslinni *Brassica*)** | **0,01** (*) | **0,01** (*) |
| 0241000 | a) **Blómstrandi kál** | | |
| 0241010 | Spergilkál | | |
| 0241020 | Blómkál | | |
| 0241990 | Annað (2) | | |
| 0242000 | b) **Kálhöfuð** | | |
| 0242010 | Rósakál | | |
| 0242020 | Höfuðkál | | |
| 0242990 | Annað (2) | | |
| 0243000 | c) **Blaðkál** | | |
| 0243010 | Kínakál | | |
| 0243020 | Grænkál | | |
| 0243990 | Annað (2) | | |
| 0244000 | d) **Hnúðkál** | | |
| 0250000 | **Blaðgrænmeti, kryddjurtir og æt blóm** | **0,01** (*) | |

| 1) | 2) | 3) | 4) |
|---|---|---|---|
| 0251000 | a) **Salat og salatplöntur** | | **0,01** (*) |
| 0251010 | Vorsalat/strábrúða | | |
| 0251020 | Salat | | |
| 0251030 | Breiðblaða salatfíflar | | |
| 0251040 | Karsi og aðrar spírur og sprotar | | |
| 0251050 | Vetrarkarsi | | |
| 0251060 | Klettasalat | | |
| 0251070 | Sinnepskál | | |
| 0251080 | Nýblöð af plöntum (þ.m.t. tegundum af ættkvíslinni *Brassica*) | | |
| 0251990 | Annað (2) | | |
| 0252000 | b) **Spínat og áþekk blöð** | | **0,01** (*) |
| 0252010 | Spínat | | |
| 0252020 | Súpugull | | |
| 0252030 | Blaðbeðjur | | |
| 0252990 | Annað (2) | | |
| 0253000 | c) **Vínviðarlauf og áþekkar tegundir** | | **0,01** (*) |
| 0254000 | d) **Brunnperla** | | **0,01** (*) |
| 0255000 | e) **Jólasalat/salatfíflar** | | **0,02(+)** |
| 0256000 | f) **Kryddjurtir og æt blóm** | | **0,02** (*) |
| 0256010 | Kerfill | | |
| 0256020 | Graslaukur | | |
| 0256030 | Blöð af sellerii | | |
| 0256040 | Steinselja | | |
| 0256050 | Salvía | | |

| 1) | 2) | 3) | 4) |
|---|---|---|---|
| 0256060 | Rósmarín | | |
| 0256070 | Garðablóðberg | | |
| 0256080 | Basilíka og æt blóm | | |
| 0256090 | Lárviðarlauf | | |
| 0256100 | Fáfnisgras | | |
| 0256990 | Annað (2) | | |
| 0260000 | **Belgávextir** | | **0,01** (*) |
| 0260010 | Baunir (með fræbelg) | **0,01** (*) | |
| 0260020 | Baunir (án fræbelgs) | 0,02 | |
| 0260030 | Ertur (með fræbelg) | **0,01** (*) | |
| 0260040 | Ertur (án fræbelgs) | **0,02** | |
| 0260050 | Linsubaunir | **0,01** (*) | |
| 0260990 | Annað (2) | **0,01** (*) | |
| 0270000 | **Stöngulgrænmeti** | **0,01** (*) | |
| 0270010 | Sperglar | | **0,01** (*) |
| 0270020 | Salatþistlar | | **0,01** (*) |
| 0270030 | Sellerí | | **0,01** (*) |
| 0270040 | Hnúðfenníkur | | **0,01** (*) |
| 0270050 | Ætiþistlar | | **0,2(+)** |
| 0270060 | Blaðlaukar | | **0,01** (*) |
| 0270070 | Rabarbarar | | **0,01** (*) |
| 0270080 | Bambussprotar | | **0,01** (*) |
| 0270090 | Pálmakjarnar | | **0,01** (*) |
| 0270990 | Annað (2) | | **0,01** (*) |

| 1) | 2) | 3) | 4) |
|---|---|---|---|
| 0280000 | **Sveppir, mosar og fléttur** | **0,01** (*) | **0,01** (*) |
| 0280010 | Ræktaðir sveppir | | |
| 0280020 | Villtir sveppir | | |
| 0280990 | Mosar og fléttur | | |
| 0290000 | **Þörungar og dreifkjörnungslífverur** | **0,01** (*) | **0,01** (*) |
| 0300000 | **BELGÁVEXTIR** | **0,01** (*) | **0,01** (*) |
| 0300010 | Baunir | | |
| 0300020 | Linsubaunir | | |
| 0300030 | Ertur | | |
| 0300040 | Lúpínur/lúpínubaunir | | |
| 0300990 | Annað (2) | | |
| 0400000 | **OLÍUFRÆ OG OLÍURÍK ALDIN** | **0,01** (*) | |
| 0401000 | **Olíufræ** | | |
| 0401010 | Hörfræ | | **0,15** |
| 0401020 | Jarðhnetur | | **0,01** (*) |
| 0401030 | Valmúafræ | | **0,01** (*) |
| 0401040 | Sesamfræ | | **0,01** (*) |
| 0401050 | Sólblómafræ | | **0,01** (*) |
| 0401060 | Repjufræ | | **0,15(+)** |
| 0401070 | Sojabaunir | | **0,01** (*) |
| 0401080 | Mustarðsfræ | | **0,01** (*) |
| 0401090 | Baðmullarfræ | (+) | **0,01** (*) |
| 0401100 | Risagraskersfræ | | **0,01** (*) |
| 0401110 | Litunarþistilsfræ | | **0,01** (*) |

| 1) | 2) | 3) | 4) |
|---|---|---|---|
| 0401120 | Hjólkrónufræ | | **0,01** (*) |
| 0401130 | Akurdoðrufræ | | **0,01** (*) |
| 0401140 | Hampfræ | | **0,01** (*) |
| 0401150 | Kristpálmafræ | | **0,01** (*) |
| 0401990 | Annað (2) | | **0,01** (*) |
| 0402000 | **Olíurík aldin** | | **0,01** (*) |
| 0402010 | Ólífur til olíuframleiðslu | | |
| 0402020 | Olíupálmakjarnar | | |
| 0402030 | Olíupálmaaldin | | |
| 0402040 | Dúnviðaraldin | | |
| 0402990 | Annað (2) | | |
| 0500000 | **KORNVÖRUR** | **0,01** (*) | |
| 0500010 | Bygg | | **0,01** (*) |
| 0500020 | Bókhveiti og aðrar sýndarkorntegundir | | **0,01** (*) |
| 0500030 | Maís | | **0,01** (*) |
| 0500040 | Hirsi | | **0,01** (*) |
| 0500050 | Hafrar | | **0,01** (*) |
| 0500060 | Hrísgrjón | | **0,01** (*) |
| 0500070 | Rúgur | | **0,02(+)** |
| 0500080 | Dúrra | | **0,01** (*) |
| 0500090 | Hveiti | | **0,02(+)** |
| 0500990 | Annað (2) | | **0,01** (*) |
| 0600000 | **TE, KAFFI, JURTATE, KAKÓ OG JÓHANNESARBRAUÐ** | **0,05** (*) | **0,05** (*) |
| 0610000 | **Te** | | |
| 0620000 | **Kaffibaunir** | | |

| 1) | 2) | 3) | 4) |
|---|---|---|---|
| 0630000 | **Jurtate úr** | | |
| 0631000 | a) **Blómum** | (+) | |
| 0631010 | Gæsajurt | (+) | |
| 0631020 | Læknakólfur | (+) | |
| 0631030 | Rósir | (+) | |
| 0631040 | Jasmína | (+) | |
| 0631050 | Lindiblóm | (+) | |
| 0631990 | Annað (2) | | |
| 0632000 | b) **Blöðum og kryddjurtum** | | |
| 0632010 | Jarðarber | | |
| 0632020 | Rauðrunnalauf | | |
| 0632030 | Indíánaþyrnislauf | | |
| 0632990 | Annað (2) | | |
| 0633000 | c) **Rótum** | (+) | |
| 0633010 | Garðabrúða | (+) | |
| 0633020 | Ginseng | (+) | |
| 0633990 | Annað (2) | | |
| 0639000 | d) **Öðrum plöntuhlutum** | | |
| 0640000 | **Kakóbaunir** | | |
| 0650000 | **Jóhannesarbrauð** | | |
| 0700000 | **HUMLAR** | 0,05 (*) **(+)** | **0,05** (*) |
| 0800000 | **KRYDD** | | |
| 0810000 | **Krydd úr fræjum** | **0,05** (*) | **0,05** (*) |

| 1) | 2) | 3) | 4) |
|---|---|---|---|
| 0810010 | Anís/anísfræ | | |
| 0810020 | Ilmfrú | | |
| 0810030 | Sellerí | | |
| 0810040 | Kóríander | | |
| 0810050 | Kúmín | | |
| 0810060 | Dill | | |
| 0810070 | Fenníkur | | |
| 0810080 | Grikkjasmári | | |
| 0810090 | Múskat | | |
| 0810990 | Annað (2) | | |
| 0820000 | **Aldinkrydd** | **0,05** (*) | **0,05** (*) |
| 0820010 | Allrahanda | | |
| 0820020 | Kínapipar | | |
| 0820030 | Kúmen | | |
| 0820040 | Kardimommur | | |
| 0820050 | Einiber | | |
| 0820060 | Pipar (svartur, grænn og hvítur) | | |
| 0820070 | Vanilla | | |
| 0820080 | Tamarind | | |
| 0820990 | Annað (2) | | |
| 0830000 | **Barkarkrydd** | **0,05** (*) | **0,05** (*) |
| 0830010 | Kanill | | |
| 0830990 | Annað (2) | | |
| 0840000 | **Krydd úr rótum og jarðstönglum** | | |

| 1) | 2) | 3) | 4) |
|---|---|---|---|
| 0840010 | Lakkrís | **0,05** (*) | **0,05** (*) |
| 0840020 | Engifer (10) | | |
| 0840030 | Túrmerik/gullinrót | **0,05** (*) | **0,05** (*) |
| 0840040 | Piparrót (11) | | |
| 0840990 | Annað (2) | **0,05** (*) | **0,05** (*) |
| 0850000 | **Blómhnappakrydd** | **0,05** (*) | **0,05** (*) |
| 0850010 | Negull | | |
| 0850020 | Kapers | | |
| 0850990 | Annað (2) | | |
| 0860000 | **Frævukrydd** | **0,05** (*) | **0,05** (*) |
| 0860010 | Saffran | | |
| 0860990 | Annað (2) | | |
| 0870000 | **Frækápukrydd** | **0,05** (*) | **0,05** (*) |
| 0870010 | Múskatblóm | | |
| 0870990 | Annað (2) | | |
| 0900000 | **SYKURPLÖNTUR** | **0,01** (*) | |
| 0900010 | Sykurrófurætur | | **0,01** (*)(+) |
| 0900020 | Sykurreyr | | **0,01** (*) |
| 0900030 | Kaffifífilsrætur | | **0,06(+)** |
| 0900990 | Annað (2) | | **0,01** (*) |
| 1000000 | **AFURÐIR ÚR DÝRARÍKINU – LANDDÝR** | | |

| 1) | 2) | 3) | 4) |
|---|---|---|---|
| 1010000 | **Vörur úr** | 0,01 (*) | |
| 1011000 | a) **Svínum** | | |
| 1011010 | Vöðvi | | **0,01** (*) **(+)** |
| 1011020 | Fita | | **0,07(+)** |
| 1011030 | Lifur | | 0,7(+) |
| 1011040 | Nýru | | **0,04(+)** |
| 1011050 | Ætur sláturmatur (annar en lifur og nýru) | | **0,7** |
| 1011990 | Annað (2) | | **0,01** (*) |
| 1012000 | b) **Nautgripum** | | |
| 1012010 | Vöðvi | | **0.015(+)** |
| 1012020 | Fita | | **0,2(+)** |
| 1012030 | Lifur | | **1,5(+)** |
| 1012040 | Nýru | | **0,06(+)** |
| 1012050 | Ætur sláturmatur (annar en lifur og nýru) | | **1,5** |
| 1012990 | Annað (2) | | **0,01** (*) |
| 1013000 | c) **Sauðfé** | | |
| 1013010 | Vöðvi | | **0,01** (*) **(+)** |
| 1013020 | Fita | | **0,09(+)** |
